

Sp.

435. Þingsályktun

um innflutning á efni til skipasmíða og um skipasmíðastöð.

(Afgreidd frá Sp. 9. maí).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða eftir mætti fyrir innflutningi efnis til skipasmíða, enn fremur að láta hið allra fyrsta fara fram ýtarlega athugun á, hver kostur sé þess að reisa skipasmíðastöð hér á landi, þar sem smíðaðir verði togarar eða stærri skip. Heimilast ríkisstjórninni nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þessarar athugunar.